



Ólafsvíkurfirlýsingin

Yfirlýsing um framlag íslenskra sveitarfélaga til sjálfbærrar þróunar

Við, íslensk sveitarfélög, viljum leggja okkar af mörkum til sjálfbærrar þróunar og gerumst því aðilar að þessari yfirlýsingu.

1. grein

Markmið okkar eru:

9. Sjálfbær þróun sem tryggir lífsgrundvöll og lífsgæði jafnt fyrir núverandi og komandi kynslóðir
10. Að athafnir í heimabyggð okkar séu innan þeirra marka sem náttúran þolir, jafnt hnattrænt sem heima fyrir.

2. grein

Forsendur okkar eru

17. Skilaboð heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó 1992 til sveitarstjórna um að hafa áhrif á íbúa, samtök og atvinnulíf með staðbundnum framkvæmdaáætlunum um sjálfbæra þróun (Staðardagskrá 21)
18. Að sveitarstjórnir eigi að bera ábyrgð á að virkja íbúana í þessu starfi og tryggja þannig þátttöku þeirra og aðild að ákvarðanatöku
19. Að sérhvert samfélag gegni lykilhlutverki í að gera sjálfbæra þróun að veruleika og að umhverfis- og þróunarmálum sé best fyrir komið með þátttöku þeirra sem eiga beinna hagsmuna að gæta
20. Að skilaboðin frá Ríó verði til þess að efla lýðræði í íslenskum byggðum

3. grein

Við munum:

25. Ganga út frá því að starf að sjálfbærri þróun sé á ábyrgð allra greina samfélagsins
26. Virkja íbúa, félagasamtök og aðila atvinnulífsins til öflugrar þátttöku í verkefnum sem tengjast Staðardagskrá 21 og hvetja til fræðslu, skoðanaskipta og samstarfs um þessi mál innan sveitarfélagsins
27. Byggja starf okkar að sjálfbærri þróun á langtímamarkmiðum, heildarsýn, kerfisbundnum vinnubrögðum og stöðugum úrbótum
28. Hafa markmiðið um sjálfbæra þróun að leiðarljósi við gerð skipulagsáætlana, sem og við aðra ákvarðanatöku um málefni sveitarfélagsins
29. Nota grænar lykiltölur eða önnur slík tæki til að fylgjast skipulega með starfi heimabyggðarinnar að sjálfbærri þróun
30. Vinna að opnum skoðanaskiptum og samstarfi milli sveitarfélaga, og við yfirvöld á landsvisu til að tryggja samhengi á milli staðbundinna, svæðisbundinna, þjóðlegra og alþjóðlegra áætlana í anda sjálfbærrar þróunar

4. grein

Við viljum sérstaklega leitast við að:

33. Auka meðvitund um nauðsyn þess að taka tillit til umhverfisins í allri framleiðslu, þjónustu og neyslu
34. Skýra hvað hringrásarhugsun felur í sér fyrir heimabyggðina og stuðla að umræðum þar að lútandi
35. Bæta orkunýtingu og vinna að því að skipta úr jarðefnaeldsneyti yfir í endurnýjanlega orkugjafa
36. Tryggja staðbundna auðlindastjórnun, sem í senn verndar líffræðilega fjölbreytni og skapar grunn fyrir lífvænlega heimabyggð
37. Gera sýnilegt sambengið milli heilbrigðs umhverfis og velliðunar mannsins
38. Finna leiðir til að haga eigin athöfnun þannig að við séum í fararbroddi í sjálfbærri auðlindanotkun og minnkandi umhverfisálagi
39. Gefa umhverfisstarfinu hnattrænt yfirbragð með samstarfi við fólk frá öðrum löndum og menningarsvæðum
40. Umgangast menningarminjar sem hluta af sjálfsmynd okkar

5. grein


Við hvetjum:

13. Stjórnvöld og samtök á landsvisu til samstarfs á þessum grundvelli
14. Önnur sveitarfélög til að gerast aðilar að þessari yfirlýsingu fyrir árslok 2001
15. Fulltrúa íslenskra sveitarfélaga til að hittast fyrir árslok 2001 til að gera grein fyrir starfinu heima fyrir og til að meta hvort endurskoða beri þessa yfirlýsingu


Bæjarráð Akraness samþykkti
Ólafsvíkurfirlýsinguna 13. desember 2001

Samþykkt nr. 26

Þetta staðfestist hér með



F.h. Akraneskaupstaðar



Sív Friðleifsdóttir
umhverfisráðherra